



Borgarráð

### **Gjalddagaskipting fasteignagjalda árið 2016**

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofn sveitarfélaga. Þar segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur með eingreiðslu ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga.

Lagt er til að fjöldi gjalddaga fasteignagjalda verði níu jafnir gjalddagar á eftirfarandi gjalddögum:

1. febrúar, 2. mars, 2. apríl, 2. maí, 1. júní, 3. júlí, 2. ágúst, 3. september og 2. október.

Jafnframt er lagt til að greiðandi geti hvenær sem er á greiðslutíma fasteignagjalda óskað eftir gjaldfellingu eftirstöðva og lokið greiðslu.

Þá er lagt til að nemi álagning fasteignagjalda 25.000 kr. eða lægri fjárhæð á fastanúmer greiði gjaldendur þau með eingreiðslu þann 1. febrúar.

#### ***Greinargerð:***

Tillagan felur í sér breytta skipan mála þar sem lagt er til að hafa eingöngu eina gjalddagareglu, þ.e. að fjöldi gjalddaga fasteignagjalda verði níu. Greiðendum verður ekki boðið að velja um að greiða á einum eða níu gjalddögum eins og áður.

Greiðendum fasteignagjalda þar sem álagning á fastanúmer er undir 25.000 kr. eða lægri greiða áfram með eingreiðslu sem lagt er til að verði 1. febrúar en undanfarin ár hefur sú eingreiðsla verið 1. maí.

Með því að bjóða eingöngu upp á níu gjalddaga er bæði verið að einfalda ferlið, auk þess sem tekjur vegna fasteignagjalda koma hraðar inn fyrstu mánuði ársins.

Mjög flókið getur verið að bjóða upp á tvær gjalddagareglur, þ.e. einn eða níu gjalddaga, sérstaklega þegar nokkrir eigendur/greiðendur eru að fasteign og þeir ekki allir með sömu gjalddagaregluna. Einnig skapar það vandamál þegar eign er seld og nýr eigandi er með aðra gjalddagareglu en sá sem seldi eignina. Til að leysa þessi vandamál og tryggja að útgefinn gjalddagi sé réttur hefur fjárstýringardeild þurft að nýta sér þekkingu og starfskrafta utanaðkomandi sérfræðinga, svo sem þjónustuaðila Agresso kerfisins og þjónustuaðila álagningarkerfisins. Vinna þessara aðila er bæði tímafrek og dýr og mun þessi breyting því fela í sér bæði einfaldara og öruggara verklag auk nokkurs sparnaðar.

Þrátt fyrir aðkomu þessara sérfræðinga hefur ekki verið hægt að komast hjá villum í gjaldfellingu gjalddaga og hefur það ávallt skapað mikil leiðindi og óánægju hjá þeim sem hafa fengið ranga gjalddaga.

Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bjóða eingöngu upp á eina gjalddagareglu þar sem greiðslu fasteignagjalda er dreift á 8 til 10 gjalddaga.

Þrátt fyrir að aðeins verði boðið upp á 9 gjalddaga getur greiðandi hvenær sem er á greiðslutíma fasteignagjalda óskað eftir gjaldfellingu eftirstöðva og lokið greiðslu.



Dagur B. Eggertsson